

Skil á afdreginni staðgreiðslu af fjármagnstekjum

Tímabil október - desember 2011

Rafræn skil á fjármagnstekjuskattí

Á þjónustusíðu ríkisskattstjóra, skattur.is, er hægt að gera full skil á fjármagnstekjuskattí. Undir liðnum Vefskil er valið Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts og opnast þá form til útfyllingar. Bæði er hægt að nota aðalvefþykil og skilalykil.

Þegar skilagrein hefur verið send rafrænt verður til krafa í heimabanka gjaldanda. Sé ekki um að ræða neinar skattskyldar greiðslur á tímabilinu skal gera grein fyrir því með því að skila núllskýrslu.

Fjármagnstekjuskattur er 20%

Arðgreiðslur

Skylda til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð hvílir á öllum einkahlutafélögum, hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila.

Ef úthlutaður arður er umfram 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé félagsins, gilda sérreglur um skattalega meðferð á arðgreiðslum til þeirra sem skylt er að reikna sér endurgjald. Nánari upplýsingar eru á rsk.is.

Vaxtatekjur

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjurum og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlásstofnunum, verðbréfahyrirtækjum, verðbréfamíðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörluaðilum, tryggingafélögum svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörlu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfaviðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.

Skiladagur

Gjalddagi afdreginnar staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts á fjórða ársfjórðungi 2011 er 20. janúar 2012 en eindagi er 6. febrúar.

Skilaskyldur aðili skal ótilkvaddur greiða staðgreiðslu af fjármagnstekjum í síðasta lagi á eindaga.

Þeir sem ekki skila rafrænt

Á rsk.is er hægt að nálgast skilagrein RSK 5.19 til að skila fjármagnstekjuskattí.

Fjárhæð staðgreiðslu er færð í tvennu lagi; staðgreiðsla af arði og staðgreiðsla af vöxtum, auk þess sem skal ávallt fylla út samtölureit.

Pessari skilagrein, ásamt greiðslu, þarf að skila til innheimtumanns ríkissjóðs (ekki í banka).

Hafi engin staðgreiðsla verið innheimt af vaxtatekjurum eða arði á tímabilinu, skal gera grein fyrir því með því að setja núll í fjárhæðareitina en X í þar til gerða reiti fyrir neðan.

Vanskil

Ef skilaskyldur aðili framvíesar ekki fullnægjandi skilagrein rafrænt eða á pappír innan tilskilinna tímamarka **skal ríkisskattstjóri áætla skilaskylda fjárhæð**.

Næsti skiladagur

Næsti gjalddagi er 20. apríl 2012 vegna teknaka á ársfjórðungnum jan.- mars og eindagi 7. maí. 2012.